

Guðni Th. Jóhannesson

# Fyrstu forsetarnir

Embætti þjóðhöfðingja Íslands á 20. öld



Sögufélag  
Reykjavík 2016

**1980–1996**

Getur kona verið forseti?



25. febrúar 1981. Vigdís Finnbogadóttir gengur til veislu Margrétar Þórðilar Danadrottningar í Kristjánborgarhöll. „Það er okkur mikil gleði að hafa yður hér,“ segir drottning í borðræðu sinni, „ekki síst fyrir það að pér eruð sameiningartákn þjóðarinnar í norðri.“ Þannig forseti vildi Vigdís vera og láta stjórnmálamónnunum eftir völdin. Og þannig forseta virtist þjóðin vilja. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Gunnar V. Andrésson)

### Kristjánsborgarhöll 25. febrúar 1981

Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn að morgni 25. febrúar 1981. Starfsfólk dönsku hirðarinnar er í óðaönn að undirbúa kvöldverð Danadrottningar til heiðurs forseta Íslands. Í samræmi við hefð heldur þjóðhöfðingi Íslendinga í sína fyrstu opinberu heimsókn til Danmerkur.

Laust fyrir hádegi lendir vél Flugleiða á Kastrupvelli. Margrét Þórhildur Danadrottning tekur á móti gesti sínum. Opinber heimsókn Vigdísar Finnbogadóttur er hafin. Milt er í veðri, frost-laust og vind hreyfir varla. Vigdís ber fallegan ullarhatt, klædd ullarkápu. Við undirbúning ferðarinnar hafði Einar Ágústsson sendiherra bent á að þótt ekki væri skylda að hafa höfuðfat væri allra veðra von um þetta leyti árs. Hárgreiðsla gæti raskast væri forseti berhöfðaður.<sup>483</sup> Að ýmsu þarf að huga þegar kona er orðin forseti.

Vigdís og drottningin setjast í aðalbifreið bílalestar sem ekur að Kristjánsborgarhöll. Næstir eru saman Hinrik prins og Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra. Á eftir fylgja fleiri úr fylgdarliði forseta ásamt fulltrúum dönsku hirðarinnar og stjórnvalda. Föruneyti forseta er nokkru fjölmennara en þegar Ásgeir Ásgeirsson braut ísinn með Danmerkurheimsókn á sínum tíma. Við höllina bíða lífverðir úr riddarasveit Danadrottningar í sínum rauða skrúða með skúfa á hjálumum. Þeir riða á undan

lestinni til Amalíuborgarhallar, gististaðar forseta á meðan heimsókninni stendur. Almenningur fylgist með. Viða er veifað Dannebrog og fána Íslands.<sup>484</sup>

Um kvöldið er Vigdís komin í kremlitan silkikjól. Stórkross fálkaorðunnar ber hún og fílsorðuna dönsku sömuleiðis, hárrétt eins og embættismenn höfðu áréttuð, með borða á vinstri öxl og hægri mjöðm.<sup>485</sup> Drottning er líka orðum skrýdd, í sægrænum kjól. Einar Ágústsson hafði sent heim leiðbeiningar um hvernig ávarpa bæri hina tignu gestgjafa, „*Deres majestet dronning Margarethe*“ og „*Deres kongelige højhed prins Henrik*“. Aðra þarf að ávarpa eftir kúnstarinnar reglum. Unga syni konungs-hjónanna skal fyrst ávarpa sem „*Kronprins Frederik*“ og „*Prins Joachim*“. Síðan má að vísu þúa drengina.<sup>486</sup>

Boð drottningar til heiðurs forseta Íslands er í Riddarasalnum í Kristjánssborgarhöll. Forn ofin teppi eru á veggjum, í lofti hanga gríðarstórar kristalsljósakrónur. Við skeifulaga veisluborð sitja 180 manns. Veislunni er sjónvarpað í Danaveldi. Það er nýmæli.<sup>487</sup>

Borðræður hefjast. „Þér hafið unnið hug okkar og hjörtu með látlausri framkomu yðar, greind og hvernig þér komið hugsunum yðar og tilfinningum í orð.“ Margrét Pórhildur mærir gest sinn. Síðan víkur hún tali sínu að sameiginlegum uppruna og sögu landanna tveggja. „Það er okkur mikil gleði að hafa yður hér,“ segir drottning að lokum, „ekki síst fyrir það að þér eruð sam eingartákn þjóðarinnar í norðri sem á sérstakan sess í sögu okkar.“<sup>488</sup>

Gestir rísa úr sætum og skála til heiðurs forseta Íslands og íslenskri þjóð. Komið er að Vigdísí Finn bogadóttur að mæla til gestgjafa sinna. „þarf að semja ræðu og sýna forsætisráðherra hana,“ hafði staðið á minnisblaði forsetaskrifstofu um undirbún-

ing heimsóknarinnar. Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra hafði engar athugasemdir við handrit forseta. „Yðar hátign Margrét drottning og yðar konunglega tign Hinrik prins,“ segir forseti í ávarpi sínu, siðareglum samkvæmt. Í ræðu sinni leggur Vigdís út af Auðunar þætti vestfirska sem hætti sér til Grænlands að kaupa bjarndýr sem hann færði konungi í virðingarskyni. Ræðan þykir þegar nýstárlag og snjöll. Næstu vikur og mánuði fékk forseti aragrúa bréfa frá Dönnum sem hlýddu á og vildu tjá sig um efnid eða vita meira.<sup>489</sup>

Vigdís Finnbogadóttir hefur staðist prófraunina. Rétt orð eru sögð á réttum stöðum, siðareglum fylgt í æsar. „Það gerir sér enginn grein fyrir því hvílít ófrelsi felst í opinberri heimsókn,“ sagði hún síðar: „Maður verður að gjöra svo vel að fylgja, hvað sem tautar og raular.“ Alltaf getur eitthvað þó komið upp á. Í miðju boðinu, sitjandi milli Margrétar Þórhildar og Hinriks prins, missir forseti Íslands munnþurrku sína. Laumulega seilist Vigdís eftir henni en situr þá með kjólfald drottningar í kjöltu sinni. Betur má ef duga skal. Faldinn lætur Vigdís síga og þreifar fyrir sér með fætinum. Þá er hún komin með hælkrók á Hinrik prins. Konungshjónin kunna auðvitað að láta sem ekkert sé. Stressuð sér Vigdís hina skoplegu hlið tilverunnar við háborðið í Kristjánssborgarhöll.<sup>490</sup> Samtímis veit hún að blettur má ekki falla á forseta Íslands. Héðan í frá verður hún alltaf í sviðsljósínu.

Föstudaginn 27. febrúar sitja Margrét Þórhildur og Vigdís saman fyrir svörum á þéttskipuðum fjölmíðlafundi í Blaðamannaklúbbnum. Íslandsvinurinn Bent A. Koch stjórnar viðburðinum. Þjóðhöfðingjarnir leika á als oddi og svara að bragði hverri fyrirspurninni á fætur annarri, oftar en ekki með kímni að vopni og bros á vör. Indæl hlátrasköll glymja við. Stundum er þó alvara í spurningum og svörum. Samband Íslands og Danmerkur

ber á góma. Vigdís nefnir að foreldrar hennar, Finnbogi Rútur Þorvaldsson og Sigríður Eiríksdóttir, stunduðu bæði nám ytra og vildu að sambandsslit biðu stríðsloka. Táningurinn hún var sama sinnis. Má þannig segja að Vigdís hafi verið fjórði lögskilnáðarmaðurinn í röð á forsetastóli. Að sjálfsögðu hefði 17. júní 1944 þó verið ánægjulegur dagur, segir Vigdís, „og mesta gleðin var þegar skeytti kom frá Kristjáni X, afa drottningarinnar, með heillaóskum“, eins og sagði í frétt *Morgunblaðsins* af fundinum. Drottning þakkar hin hlýju orð og segir að afi hennar hefði heldur betur kunnað að meta þau.

Í opinberum heimsóknum móðgar gestur ekki gestgjafa sinn. Í kóngsins Kaupmannahöfn skapar það engan vanda en hvað skal gera þegar harðstjóri er annars vegar? Þeirri samviskusþurningu þurfti Vigdís síðar að velta fyrir sér.

„Er danskan á undanhaldi á Íslandi?“ Því neitar Vigdís á blaðamannafundinum. Nauðsynlegt sé þó að hafa varann á. Þeirri varðstöðu um norræn tengsl sinnti hún öll sín ár á forsetastóli. Næst er spurt hvort Íslendingar séu ekki að fjarlægjast Norðurlönd út af áhrifum amerískrar menningar. „*Nej, Gud bevare os,*“ svarar hún samstundis. Margir í salnum vita eflaust að forseti hafði verið framarlega í flokki herstöðvaandstæðinga, andvíg bandaríksa sjónvarpinu og „ameríkaníseringu“ íslensks samfélags. Vigdís Finnbogadóttir heldur áfram: „Það sem gerir þjóð að þjóð er tungan og íslenskan hefur gert okkur að þjóð.“ Hér kveður við tón sem átti eftir að heyrast oft í embættistíð hennar.

Nú er spurt hvernig fari um handritin, hvort eitthvað sé unnið með þau á Íslandi. Parna má allt eins greina gagnrýni. Forseti kann þá list að snúa vörn í sókn: „Handritin hafa það gott,“ svarar hún hiklaust: „Við förum með þau eins og ungabörn, tökum þau

fram á hverjum morgni, lesum þau allan daginn og leggjum þau til svefn á kvöldin – í eldtraustum skápum.“ Gamansemi og hlýja, þeir eiginleikar Vigdísar munu reynast vel í embætti.

Að síðustu eru þær stallsystur á þjóðhöfdingjastóli spurðar hvaða fréttir þær vilja helst sjá í blöðum næsta dags. „Góðar fréttir,“ svarar drottning snaggaralega. Vigdís Finnbogadóttir bætir við að hún vilji framar öllu geta lesið þessa forsiðufrétt: „Fullnaðarsigur vísindanna – engin kjarnavopn.“ Þar hafa Danir það. Íslendingar hafa kosið sér til forseta málsvara friðar og afvopnunar.<sup>491</sup> Hefði þessi yfirlýsing ratað í hátfíðarræðu forseta í Kristjánsborgarhöll hefði Gunnar Thoroddsen í það minnsta lyft brúnum. Vigdís vildi vera eins ópolítisk og Kristján Eldjárn, fyrirmynnd hennar í embætti, en mætti hún þá tjá sig um álitamál samtímans með þessum hætti? Gæti hún þá verið það sameiningartákn sem drottning hafði minnst á í ræðu sinni?

Laugardeginum 28. febrúar, lokastund hinnar opinberu heimsóknar, ver Vigdís Finnbogadóttir að mestu á Hotel d'Angleterre. Þar kynna íslenskir iðnrekendur, ferðamálafrömuðir og útflytjendur landbúnaðarvara það sem þeir hafa fram að færa fyrir um 400 frammámönnum í dönsku viðskiptalífi. Íslenskir réttir eru í boði og tískusýning haldin. Enn klæðist Vigdís íslenskum flíkum, „fyrsti kvenforseti heims í prjóni og vefnaði frá Sögueynni“ eins og *Berlingske Tidende* komst að orði.<sup>492</sup>

Engar ýkjur eru að þessi fyrsta opinbera heimsókn Vigdísar Finnbogadóttur heppnaðist einstaklega vel. Hún var hógværðin uppáluð en hreykin fyrir hönd þjóðarinnar. „Mig grunaði aldrei að þetta yrði svona afskaplega stórbrotið fyrir Ísland,“ sagði Vigdís við heimkomuna.<sup>493</sup> Forsvarsmenn í íslenskum útflutningsgreinum voru frá sér numdir af fögnuði eftir kynninguna góðu á d'Angleterre. „Hlýja yðar og framkoma heillaði

jafnt gesti sem gestgjafa,” skrifuðu þeir forseta sínum. „Vigdís kom, sá og sigraði,” sagði Bent Koch ytra, með *performance* hennar á blaðamannafundinum í fersku minni.<sup>494</sup>

Persónulegur sigur Vigdísar Finnbogadóttur vannst ekki aðeins fyrir Íslands hönd, til hagsbóta fyrir íslenskan iðnað og landbúnað. Með sinni glæsiför sýndi forseti valdakörlunum heima að hún var vandanum vaxin, að „fávísá stelpan“ væri enginn aukvisi. Áfram efaðist Vigdís samt um stöðu sína. „Hún er svo inngróin, þessi gamla vanmetakennd kvenna af minni kynslóð，“ sagði hún löngu síðar, horfin frá Bessastöðum: „Aldrei nokkurn tímann fékk ég þá tilfinningu að ég væri komin á þurrt, yfir hjallann og hefði sannað mig í embætti ... En það voru utan-landsferðirnar og opinberu heimsóknirnar sem gáfu mér styrk og þar fannst mér ég blómstra.“<sup>495</sup> Það gerði Vigdís svo sann-arlega.